Nr. 787 29. ágúst 2014

# REGLUGERÐ

## um (2.) breytingu á reglugerð nr. 653/2014 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2014/2015.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar:

a. Fyrirsögn töflu verður: Leyfilegur heildarafli í óslægðum botnfiski, íslenskri sumargotssíld, humri, úthafsrækju og rækju á miðunum við Snæfellsnes er sem hér segir:
b. Við töflu bætist nýr töluliður nr. 21 svohljóðandi:

| **Tegund/Lestir** | A | B | C | D | E | F | G | H | I |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **21. Rækja við Snæfellsnes** | 600 | | | | | | | 31,8 | 568,2 |

2. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Leyfilegur heildarafli í eftirfarandi tegundum, á tímabilinu frá og með 1. september 2014 til og með 31. ágúst 2015, er sem hér segir:

| | **Lestir** | **Skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)** | **Til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar** |
|---|---|---|---|
| **1. Hörpudiskur** | **0** | | |
| **2. Innfjarðarækja:** | **0** | | |
| **Innfjarðarækja skiptist:** | | | |
| Ísafjarðardjúp | 0 | | |
| Arnarfjörður | 0 | | |
| Breiðafjörður, norðurfirðir | 0 | | |
| Húnaflói | 0 | | |
| Eldeyjarsvæði | 0 | | |
| Skagafjörður | 0 | | |
| Skjálfandaflói | 0 | | |
| Öxarfjörður | 0 | | |

3. gr.

2. ml. 4. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Að auki skal langa lúta takmörkunum skv. 2. mgr. sömu lagagreinar.

4. gr.

14. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Þorskígildisstuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 2014 til 31. ágúst 2015 eru þessir:

| **Tegund** | **Stuðlar** | **Tegund** | **Stuðlar** | **Tegund** | **Stuðlar** |
|---|---|---|---|---|---|
| Þorskur | 1,00 | Ýsa | 1,30 | Þykkvalúra | 1,57 |
| Ufsi | 0,81 | Grálúða | 2,59 | Loðna | 0,14 |
| Keila | 0,51 | Langlúra | 0,65 | Íslensk sumargotssíld | 0,21 |
| Langa | 0,76 | Sandkoli | 0,30 | Humar, slitinn | 5,98 |
| Skötuselur | 2,27 | Skarkoli | 0,79 | Gullkarfi | 0,85 |
| Steinbítur | 0,95 | Skrápflúra | 0,34 | Djúpkarfi | 0,99 |
| Blálanga | 0,67 | Gulllax | 0,58 | Litli karfi | 0,40 |
| Innfjarðarækja | 1,31 | Úthafsrækja | 1,20 | Norsk-íslensk síld | 0,29 |
| Kolmunni | 0,10 | Rækja á Flæmingjagr. | 1,97 | Rækja við Snæfellsnes | 1,31 |

Ofangreindir stuðlar gilda við mat á því hvernig veiðiheimildir eru nýttar og varðandi færslu milli tegunda eftir því sem við á, sbr. 11. og 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast gildi 1. september 2014.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. ágúst 2014.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*